

Fundur í stjórn Minjasafns Austurlands, haldinn í Safnahúsinu, Laufskógum 1, mánudaginn 3. september kl. 16:00.

Mætt: Kristjana Björnsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Guðrún Ragna Einarisdóttir, Steinar Ingi Þorsteinsson og Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri. Ásdís Helga Bjarnadóttir boðaði seinkun.

Dagskrá fundar:

1. Verkaskipting stjórnar
2. Fjárhagsáætlun 2019
3. Skýrsla safnstjóra
4. Önnur mál

Kristjana Björnsdóttir, aldursforseti í starfandi stjórn, setti fund kl. 16:10 og stjórnaði fundi. Kristjana gerði í upphafi tillögu að breytingu á dagskrá og lagði til að fyrsti liður, Verkaskipting stjórnar, yrði tekin fyrir síðast og yrði þá númer fjögur í fundargerð.

Samþykkt samhljóða.

1. Fjárhagsáætlun 2019

Elsa Guðný lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 og fór yfir hana. Áætlaðar rekstrartekjur eru kr. 27.650.000, þar af eru framlög frá sveitarfélögunum kr. 25.500.000. Áætluð rekstrargjöld eru kr. 39.561.168. Það gerir tap upp á kr. 11.911.168 sem skýrist af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1.

Fundarstjóri bar fjárhagsáætlunina undir atkvæði, samþykkt samhljóða.

Ásdís Helga mætti til fundar

2. Skýrsla safnstjóra

Elsa Guðný kynnti skýrslu safnstjóra þar sem hún fór yfir það helsta úr starfsemi safnsins frá síðasta stjórnarfundum.

2.1. Samningur um uppbyggingu menningarhúsa á Fljótshéraði

Þann 22. maí síðastliðinn undirrituðu Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs samkomulagið sem felur í sér stofnframlag til uppbyggingar í menningarhúsunum á Fljótshéraði. Samkomulagið var undirritað í Safnahúsinu að viðstöddu fjölmenni. Með samkomulaginu verður hægt að ráðast í byggingu viðbyggingar við Safnahúsið.

2.2 Safnfræðsla skólaárið 2017-2018

Safnfræðsla skólaársins 2017-2018 lauk í júní. Samtals heimsóttu 684 nemendur safnið síðastliðinn vetur og þeim fylgdu 103 kennarar. Er það nokkur fjölgun frá fyrra

skólaári þegar 494 nemendur heimsóttu safnið. Nemendur leikskóla voru 216, nemendur grunnskóla 425 og nemendur menntaskóla 43.

2.4 Sumarið

Um 1450 gestir heimsóttu safnið í júní, júlí og ágúst þegar allt er talið. Það er nokkur fjölgun frá síðustu sumrum. Opnunartíma safnsins var breytt frá fyrri sumrum, nú var safnið opið alla daga vikunnar frá 10:00-18:00 en síðustu sumur hefur safnið verið opið 11:30-19:00 á virkum dögum og 10:30 -18:00 um helgar.

Sumarsýningar safnsins voru tvær, annars vegar sýningin *Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi* og hins vegar sýningin *Nr. 2 Umhverfing*. Sýningarnar voru opnaðar 17. júní og hafa fengið góðar viðtökur.

Gestamóttaka safnsins var mönnuð af fastráðnum starfsmönnum að stærstu leyti. Þar að auki réðu Minjasafnið og Héraðsskjalasafnið sameiginlegan sumarstarfsmann sem var í 50% stöðu á Héraðsskjalasafninu og í 30% stöðu á Minjasafninu við afleysingar í gestamóttöku.

Í ágúst var komið fyrir stórrí auglýsingu á hlið Safnahússins sem er ætlað að vekja athygli á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi.

2.5 Fjölmiðlaumfjallanir:

Safnstjóri fór í viðtal í Mannlega þættinum á Rás 1 um opnanir sumarsýninga. Minjasafnið var safn vikunnar í þættinum Sumarmálum á Rás1 Austurglugginn fjallaði um báðar sumarsýningarnar í tveimur aðskildum greinum.

2.6 Móttökur og ráðstefnur

Fljótsdalshérað bauð Félagi kvenna í fræðslustörfum til móttöku í Minjasafninu í tengslum við fund samtakanna hér á Egilsstöðum í maí.

Minjasafnið kom að ráðstefnunni *Með öræfin í bakgarðinum* sem Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Austurlandi stóð fyrir. Gestum var boðið til móttöku í Minjasafninu auk þess sem safnstjóri flutti erindi á ráðstefnunni.

Minjasafnið tók þátt í náms- og atvinnusýningunni *Að heiman og heim* sem félagið Ungt Austurland stóð fyrir í íþróttahúsinu á Egilsstöðum þann 1. september síðastliðinn.

2.7 Útlán og samstarf

Kvikmyndatökulið sem vinnur að þáttaröð um eyðibýli á Íslandi fékk að mynda nokkra muni úr safnkosti safnsins sem tengjast einu býlanna sem verða til umfjöllunar í þáttunum.

Ásgeir Hvítaskáld kvikmyndatökumaður fékk að nota sumarhús Kjarvals í Kjarvalshvammi sem tókustað fyrir kvikmynd sem hann vinnur nú að um listmálarann. Jafnframt fékk hana lánaða nokkra muni og fékk að taka upp eitt atriði í stofu skógarvarðarins í sýningarsal Minjasafnsins.

Leikföng úr safnkosti Minjasafnsins voru lánuð á leikfangasýninguna Gull og gersemar í Sláturhúsinu.

2.8 Framundan:

Minjasafnið mun taka þátt í barnamenningarhátíðinni BRAS sem fram fer um allt Austurland í september. Safnið verður opið á setningardegi hátíðarinnar auk þess sem safnið mun standa fyrir viðburði þann 26. september.

11.-14. september munu starfskonur Minjasafnsins sækja árlegan Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna sem að þessu sinni fer fram í Dublin á Írlandi.

Þann 22. september verður opnuð farandsýning í Safnahúsinu sem ber heitið Kona á skjön og fjallar um ævi og störf Guðrúnar frá Lundi.

Í september munu hefjast viðhaldsframkvæmdir á sumarhúsi Kjarvals í Kjarvalshvammi. Björn Björgvinsson húsasmíðameistari stjórnar verkinu. Verkefnið er styrkt af Húsfriðunarsjóði, Uppbyggingarsjóði Austurlands, Alcoa og Landsvirkjun.

Í innra starfi safnsins er framundan skipulagning varðveislurýmis safnsins að Tjarnarási og áframhaldandi skipulagning varðveislurýma í Safnahúsinu. Einnig liggur fyrir að skrá nokkur stór munasöfn sem safninu hafa borist á undanförunum misserum auk þess sem áfram verður haldið að mynda muni og endurbæta fyrri skráningar.

3. Önnur mál.

Ásdís Helga spurði út í sýn aðildarsveitarfélaganna þriggja gagnvart safninu og starfsemi þess. Í umræðum um málið kom fram að öll sveitarfélögin væru jákvæð gagnvart safninu.

4. Verkaskipting stjórnar

Eftirfarandi tillaga að verkaskiptingu lögð fram:

Formaður: Ásdís Helga Bragadóttir

Varaformaður: Kristjana Björnsdóttir

Ritari: Steinar Ingi Þorsteinsson

Meðstjórnendur: Guðrún Ragna Einarsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir

Samþykkt samhljóða

Ákveðið að boða næst til fundar í byrjun nóvember og að þá muni stjórnin skoða húsnæði safnsins bæði í Laufskógum og Tjarnarási.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:07

Fundargerð ritaði Elsa Guðný Björgvinsdóttir